



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 100 ára afmæli
íþróttafélagsins Höfrungs
Þingeyri
25. júlí 2004**

Ágætu Dýrfirðingar,
Þingeyringar
og aðrir góðir vinir

Það er gaman að vera með ykkur hér í dag og fagna tímamótum sem eru okkur kær.

Höfrungur var í æsku minni íþróttafélagið okkar og ekkert annað var honum fremra. Því trúðum við; aðdáun og hollusta okkar voru einlæg.

Heima hjá afa og ömmu á Balanum voru myndir af keppnisliðum, glæsilegir kappar og knáar konur í hvítum búningi og þjálfararnir voru taldir í fremstu röð. Ef ég man rétt voru Viggó Natanelsson og Höskuldur Steinsson í Bakariinu þar stoltir með sín lið.

Afi minn Ólafur Ragnar var í keppnisliðum þegar Höfrungur var enn á æskuárum og einnig María systir hans. Ég á enn myndir af Möggu frænku, systir mömmu, ung og einbeitt með sínum flokki. Hún bað mig reyndar að færa ykkur kærar kveðjur og hamingjuóskir en hún dvelur nú öldruð á Vífilsstöðum.

Og hér er í dag Guðmundur frændi minn Óskarsson, ættaður úr Brekkudalnum, og keppti ungur fyrir Höfrung í fótbolta á Ísafirði. Það var að vísu engin frægðarför því Höfrungur tapaði fyrst fyrir Herði 9:0 og svo fyrir Vestra 5:0 og þótt Guðmundur væri í markinu hjá Höfrungi var hann samt valinn besti maður vallarins. Það var byrjun sem lofaði góðu því hann varð síðan leikmaður í meistaraflokki og landsliðsmaður okkar Íslendinga í knattspyrnu, fyrsti landsliðsmaðurinn sem Höfrungur ól upp í fótboltanum.

Já, við getum sjálfsagt öll lengi dags sagt slíkar fjölskyldusögur um þátt Höfrungs í lífi okkar, þótt þátttaka mín yrði seint í annálum rakin.

Þeir voru mér ætíð fremri í fótboltanum synir Höskuldar í Bakaríinu, Steinar og Gunnar, og svo líka Eddi Eiríks, Gummi á Bala og margir fleiri. Ég fékk þó að vera í marki, líkt og Guðmundur frændi, þegar við kepptum við Færeyinga, unga stráka sem komu hér á skútum og veiddu fisk áður en Íslendingar stækkuðu landhelgina.

Höfrungur hefur fylgt Þingeyri og Dýrfirðingum í hundrað ár og ég hugsa að stofnendum þætti það nánast furðusaga að við værum hér í dag að minnast þeirra í glæsilegri íþróttamiðstöð og iðandi mannlífi í hátíðarskapi, akfært til Ísafjarðar árið um kring, heimsviðburðir daglegt brauð í sjónvarpinu, netið og tölvutæknin sjóður upplýsinga úr öllum áttum, Þingeyri komin í þjóðbraut veraldarinnar.

Þegar Höfrungi var ýtt úr vör var hér einangrað þorp, fátækt tíður gestur í flestum húsum, fátt við að vera, strandferðaskipin komu sjaldan, pósturinn kannski á mánaðar fresti, ófært til næstu fjarða nema um hásumarið, Ísland enn háð Dönum, fyrsti ráðherrann rétt að koma heim, sjálfstæðið enn bara draumur Íslendinga og óvissan um framtíðina oft nístandi og sár.

Það var við skilyrði slík sem hugsjónafólk stofnaði Höfrung, staðráðið í að þjálfra vel, ná árangri sem yrði öðrum fyrirmynd og Höfrungur hefur síðan fylgt mannlífinu í Dýrafirði í gegnum súrt og sætt, tíma sóknar og erfiðleika og enn er hann hér í upphafi nýrrar aldar, hundrað ára en vel ern og heilsuhraustur.

Saga Höfrungs er vitnisburður um úthaldið, atorkuna, bjartsýnina sem Dýrfirðingar hafa löngum haft og ætti að vera hvatning um að ganga vonglöð til móts við framtíðina, að enn eru hér ótal tækifæri og nýir tímar opna margar leiðir til framfara og betra mannlífs.

Ég nefndi í kirkjunni áðan að það er margt sem hin nýja öld getur fært firðinum okkar, veitt Þingeyri tækifæri sem áður voru óþekkt, gert að verðmætum víðáttuna, fegurðina, auðlindir náttúrunnar sem hér eru í ríkum mæli. Verðmætamatið er að breytast og kostir landsbyggðarinnar fyrir framtíð Íslands verða æ fleirum ljósir. Það kann að verða vandi okkar innan fárra ára hvernig nýta beri hin fjölmörgu tækifæri.

Já, margt hefur breyst, en margt býr í líka í heillandi framtíð.

Í þessum anda flyt ég ykkur hvatningu og óska okkur öllum til hamingju með aldarferil félagsins okkar.

Höfrungar hefðu fyrir einni öld ekki trúað sínum eigin augum ef þeir hefðu séð í skuggsjá framtíðar glæsileg mannvirki, húsakostinn, fagra garða, íþróttavöllinn, miðstöðina sem nú prýða Þingeyri, iðandi mannlíf sem hér er í dag í hátíðarskapi.

Höfrungur er því vegvísir um framtíðina, sönnun þess hvernig hægt er að lifa lengi, vaxa og þroskast og saga hans ætti að vera okkur öllum hvatning til að gera betur á komandi árum.

Það vekur mér ætíð góðar minningar og mér hlýnar um hjartarætur að koma á ný til Þingeyrar á góðum degi og ég þakka ykkur fyrir að bjóða okkur Dorrit að vera hér á hátíðinni.

Til hamingju kæru vinir.